

Selfossi, 9. desember 2021



Litlu jólin í Stekkjaskóla

17. desember 2021

Kæru forráðamenn nemenda í 1. - 4. bekk

17. desember næstkomandi er síðasti dagurinn okkar fyrir jólafrí. Þetta er svokallaður skertur dagur, en á móti er frístund með opið fyrir lengda viðveru þennan dag fyrir börn sem eru skráð á frístund. Sunna hefur nú þegar sent skráningu fyrir þennan dag á foreldra.

Litlu jólin hefjast kl:10:00 og standa yfir til kl: 11:30. Börnin mæta í sína heimastofu eins og venjulega. Við höldum notaleg stofujól, hver hópur fer einnig inn í matsal í söngstund og við ætlum líka að dansa saman í kringum jólatréð. Börnin mega koma með smákökur og/eða kex í boxi og skólinn býður þeim upp á fernudrykk, kókómjólk eða svala.

Við hvetjum ykkur til að mæta á stofnfund foreldrafélagsins þann 16. desember og skoða húsnæðið okkar í leiðinni. Vegna fjöldatakmarkana vegna Covid höfum við því miður ekki getað boðið ykkur í heimsókn á skólatíma en viljum endilega sýna ykkur skólann okkar.

Með kærri jólakveðju,

Hilmar Björgvinsson, skólastjóri

Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri

Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Sunna Ottósdóttir, forstöðumaður frístundar

